

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 26. mars 2014 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2014 var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2, miðvikudaginn 26. mars 2014 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2013.
- 2) Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins miðuð við árslok 2013 var aðgengileg í ársreikningi 2013, á bls. 13 og 25.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 7) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- 8) Kosning varamanna.
- 9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 10) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar, tók til máls.

Fyrst vék Friðbert að því að um mitt árið 2013 hafi Sigtryggur Jónsson ákveðið að segja starfi sínu lausu sem framkvæmdastjóri sjóðsins eftir 29 ára samfellda þjónustu við sjóðinn. Sigtryggur hóf störf hjá Lífeyrissjóði bankamanna 1. janúar 1985 og lét af störfum um áramótin 2013/2014. Friðbert færði Sigtryggi miklar þakkir fyrir farsæl störf undanfarna áratugi og ánægjulega samvinnu. Sjóðfélagar tóku undir með lófataki.

PR
JG

Friðbert kynnti því næst nýjan framkvæmdastjóra sjóðsins Ólaf Kr. Valdimarsson sem tók við sem nýr framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna þann 1. janúar 2014. Var honum óskað velfarnaðar í starfi. Tóku sjóðfélagar undir með lófataki.

Næst reifaði Friðbert helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári.

Stjórn sjóðsins var í lok árs 2013 skipuð 6 mönnum. Þrír stjórnarmenn eru fulltrúar sjóðfélaga en þeir eru Friðbert Traustason, formaður, Sigurjón Gunnarsson og Þóra Valný Yngvadóttir. Hinir þrír eru fulltrúar aðildarfélaga en þeir eru Bergþóra Sigurðardóttir, varaformaður, tilnefnd af bankaráði Landsbankans h.f., Ásta H. Bragadóttir tilnefnd af bankaráði Seðlabanka Íslands og Helgi H. Steingrímsson tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sameiginlega. Starfsmenn sjóðsins eru 5 talsins og er sjóðurinn til heimilis að Skipholti 50b.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega en haldnir voru 10 bókaðir fundir. Auk hefðbundinna starfa stjórnar, sem felast m.a. í athugun á úrskurðum um lífeyri og lánsúmsókna, vann stjórnin gott starf með tryggingafræðingi og lögfræðingi sjóðsins. Stjórnin samþykkti m.a. á árinu uppfærðar verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna sem tóku gildi í maí 2013. Einnig voru samþykktar nýjar lánareglur sjóðsins sem taka mið af lögum nr. 33/2013 um neytendalán og tóku þær gildi í október 2013. Þá var ný áhættustefna unnin á árinu og samþykkt í október 2013 en á grunni hennar var mótuð og samþykkt ný fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2014.

Friðbert vék því næst að eftirliti og endurskoðun sjóðsins.

Fjármálaráðuneytið verður að samþykkja breytingar á samþykktum sjóðsins sem sjóðfélagafundur og aðildarfyrirtækin hafa samþykkt eða stjórn sjóðsins lagt fram. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að lögum um lífeyrissjóði sé framfylgt og fær eftirlitið ársfjórðungslegar skýrslur um rekstur og fjárfestingar sjóðsins. Félagslega kjörnir skoðunarmenn framkvæma skoðun á öllum fjármálagerningum og vinna þeir mikið og gott starf fyrir sjóðinn. Löggiltir endurskoðendur sjá um ytri endurskoðun og aðstoða við uppsetningu ársreikninga en aðrir löggiltir endurskoðendur sjá um innri endurskoðun. Síðan fylgist endurskoðunarnefnd, skipuð þremur aðilum, með vinnu endurskoðenda. Til viðbótar þessu sér tryggingafræðingur um tryggingafræðilega úttekt. Auk þessa kom fram í máli Friðberts að endurskoðendur hefðu í ár afgreitt úttekt á sjóðnum „án athugasemda“ en þó með ábendingum um neikvæða stöðu Hlutfallsdeildar og hugsanlegum aðgerðum sem því kunni að fylgja og svo einnig með ábendingum er varða verðmat á Framtakssjóði Íslands.

Þessu næst fór Friðbert yfir fjárfestingar sjóðsins.

Að sögn Friðberts er enn mikil íhaldssemi í fjárfestingum hjá sjóðnum, en þó sérstaklega hjá Hlutfallsdeildinni. Erfitt er að ná góðri ávöxtun þar sem fátt er um fína drætti á markaði. Lágir vextir eru á ríkisskuldabréfum, innlánsvextir eru lágir, erfitt er að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af sveitarfélögum og lítil eftirspurn er eftir sjóðfélagalánum. Enn er lokað fyrir erlendar fjárfestingar. Lífeyrissjóðurinn er þó með u.þ.b. 480 milljóna króna skuldbindingu í Framtakssjóði Íslands sem hefur skilað góðri ávöxtun, sem að hluta til er nú komin í bækur lífeyrissjóðsins.

Því næst snéri Friðbert sér að starfsemi einstakra deilda og byrjaði á Aldursdeild.

Öll réttindaávinnsla í deildum sjóðsins eru í samræmi við aldur sjóðfélaga og iðgjöld. Í Aldursdeildinni eru nú virkir sjóðfélagar 1950 og fjölgaði þeim um 324 á árinu en allir nýráðnir starfsmenn fara í Aldursdeildina. Hrein eign til greiðslu lífeyris var rúmir 23,3 milljarðar króna í árslok 2013 samanborið við tæplega 20 milljarða króna í árslok 2012, en um er að ræða hækkun um 3 milljarða króna á milli ára.

Raunávöxtun deildarinnar var 5,19% árið 2013 samanborið við 5,57% árið 2012. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 10 ár er 4,00% en síðastliðin 5 ár 3,91%. Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun, en Aldursdeildin þolir vel sveiflur í ávöxtun þar sem útgreiðslur verða ekki miklar næstu árin.

PR
slg

Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar í árslok 2013 er -2,97% en var -4,16% í árslok 2012 en samkvæmt lögum þarf að skerða réttindi ef niðurstaðan er undir -5,00 í 5 ár. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar batnar m.a. vegna betri rauntalna um örorkulífeyri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Eignasamsetning Aldursdeildar í lok árs 2013 var þannig að u.þ.b. 92% af heildareignum voru í íslenskum krónum og um 8% voru í erlendum myntum. Útkoma Aldursdeildarinnar heilt yfir er ágæt miðað við aðra lífeyrissjóði.

Þessu næst vék Friðbert að starfsemi Hlutfallsdeildar.

Friðbert tók fyrst fram að í Hlutfallsdeildinni hafi sjóðfélögum sem enn greiða iðgjöld til deildarinnar fækkað um 48 á árinu og eru þeir nú einungis 288. Fjöldi sjóðfélaga sem eru á lífeyri fjölgaði um 67 á árinu og eru þeir núna 887. Helstu óvissuþættir Hlutfallsdeildar eru, auk lengri lífaldurs karla og aukinnar örorkubyrði, lífaldur við lífeyristöku (67/65) og nýting 95-ára reglunnar, þ.e.a.s. fleiri eru taka lífeyri fyrr en áður.

Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok um 37 milljarðar króna en var í árslok 2012 um 36 milljarðar króna, en um er að ræða hækkun á milli ára sem nemur um einum milljarði króna.

Raunávöxtun deildarinnar var 4,45% í árslok 2013 samanborið við 5,06% árið 2012. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár fyrir Hlutfallsdeild var 4,09%.

Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun, en Hlutfallsdeild þolir ekki miklar sveiflur í ávöxtun og vegna þess eru flestar eignir deildarinnar í verðtryggðum íslenskum krónum. Erfitt verður að fjárfesta með álíka ávöxtun næstu misserin, og til dæmis innleysti sjóðurinn 7 milljarða króna innlán á árinu 2012 og voru þeir vextir sem buðust aðeins um helmingur þeirra vaxta sem voru á innlánu á tímabilinu 2006 – 2012.

Tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar í árslok 2013 var -9,72%, samanborið við -7,94% árið 2012, og er það fimm ára árið í röð sem staðan er undir -5,00%. Samkvæmt lögum þarf að lækka réttindi sjóðfélaga ef tryggingafræðileg staða er undir -5,00% í 5 ár eða bæta stöðuna með öðrum hætti s.s. með hækkun iðgjalda eða betri ávöxtun til að ná stöðugleika. Friðbert benti á að Bjarni myndi koma nánar að þessu hér á eftir í umfjöllun hans um tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum.

Að lokum vék Friðbert að fyrirhuguðum breytingum á samþykktum sjóðsins.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ber lífeyrissjóði að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef tryggingafræðileg athugun leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga. Sama gildir ef munur skv. tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Við þessar aðstæður er stjórn lífeyrissjóðs skylt að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er enn fremur skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef kemur í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar og skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera Fjármálaeftirlitinu viðvart.

Friðbert gat þess að lengi hafi verið varað við því í hvað stefndi. Samkvæmt gr. 5.1. í samþykktum sjóðsins segir að ef rannsókn tryggingafræðings leiði í ljós að misræmi hafi myndast á milli eigna og skuldbindinga einstakra deilda skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga breytt að fengnum tillögum tryggingafræðings þannig að jöfnuður verði milli eigna og skuldbindinga. Nú væri svo komið að tryggingafræðingur og endurskoðendur hafi bent á að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til að ná jöfnuði.

Friðbert benti á að ávöxtun Hlutfallsdeildar hafi sl. 10 ár verið yfir viðmiðunartölunni 3,5%, en það dugði ekki til. Hærri iðgjöld hefðu því miður ekkert að segja með afkomuna þar sem hlutfallslega mjög fáir greiði til Hlutfallsdeildar. Eina færa leiðin í stöðunni væri að skerða réttindin, í fyrsta skipti í sögu Lífeyrissjóðs bankamanna. Að lokum vísaði Friðbert til þess að Ólafur myndi fara nánar yfir áhrif skerðingar réttinda á sjóðfélaga hér á eftir.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Ólafur Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Ólafur fór yfir hvora deild fyrir sig.

PR
JG

Fyrst vék Ólafur máli sínu að Hlutfallsdeild og fór hann yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild í árslok 2013. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok um 37 milljarðar króna en var í árslok 2012 um 36 milljarðar króna, en um er að ræða hækkun á milli ára sem nemur um einum milljarði króna. Ólafur fjallaði um aðrar lykiltölur varðandi breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og ræddi þær nánar. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 6 í ársreikningi félagsins.

Þessu næst fjallaði Ólafur um efnahagsreikning deildarinnar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2013 og ræddi nánar einstaka þætti. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 7 - 8, í ársreikningi sjóðsins.

Eftir að hafa farið yfir Hlutfallsdeild fór Ólafur yfir Aldursdeild. Byrjaði Ólafur á að fara yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Aldursdeild í lok árs 2013. Hrein eign til greiðslu lífeyris var rúmir 23,3 milljarðar króna í árslok 2013 samanborið við tæplega 20 milljarða króna í árslok 2012, en um er að ræða hækkun um 3 milljarða króna á milli ára. Ólafur vék máli sínu að öðrum lykiltölum varðandi breytingar á hreinni eign og er hægt að nálgast tölulegar upplýsingar á bls. 16 í ársreikningi.

Þessu næst fjallaði Ólafur um efnahagsreikning deildarinnar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2013 og ræddi nánar. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 17 – 18, í ársreikningi sjóðsins.

Að lokum benti Ólafur á ítarlegar skýringar endurskoðanda sem fylgja ársreikningnum varðandi báðar deildirnar.

Ólafur lauk máli sínu og Hinrik gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga deildanna.

Spurt var úr sal hvort tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum yrðu ræddar sérstaklega. Hinrik svaraði því svo til að svo yrði.

Ekki tóku fleiri til máls og voru ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar. Voru þau samþykkt með lófataki.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans voru aðgengilegar á bls. 13 og 25 í ársreikningi sjóðsins.

Bjarni gerði fyrst grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri úttekt eru verðmæti eigna sjóðsins og iðgjöld borin saman við skuldbindingar til greiðslu lífeyris samkvæmt gildandi samþykktum. Bjarni sagði reikniforsendur í ár vera þær sömu og í fyrra og að lífs-, örorkulíkur og vextir væru þær forsendur sem skiptu mestu.

Bjarni fór yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar í báðum deildum.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild nefndi Bjarni að fyrst tryggingafræðileg staða deildarinnar væri neikvæð um -9,72%, sem væri meiri mínus en búist var við. Bjarni nefndi að ávöxtun Hlutfallsdeildar hafi almennt verið í samræmi við væntingar, um 3,5%, og að almennt séð virtist Hlutfallsdeild hafa gengið ágætlega á árinu. Bjarni nefndi hinsvegar að ellilífeyrisskuldbinding væri 400 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og það væri sennilega vegna þess að á árinu 2013 hafi fleiri aðilar nýtt sér 95 ára regluna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá nefndi Bjarni að í lokuðum sjóði sem þessum þar sem ekki koma nýir sjóðfélagar inn væri verðmæti skuldbindinga meira en verðmæti eigna sem þýddi að ef ekkert yrði að gert myndu verðmæti hægt og rólega klárast og skuldbindingar verða eftir. Bjarni nefndi að búast mætti við neikvæðum

PR
Hj

vexti upp á -0,5% á hverju ári við þessar aðstæður, að öllu óbreyttu. Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna varðandi Hlutfallsdeildina var að það þyrfti að færa niður réttindi sjóðfélaga samkvæmt núgildandi lögum, í fyrsta sinn.

Næst vék Bjarni máli sínu að Aldursdeild. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar er -2,97% og hefur batnað reglulega frá árinu 2008. Aldursdeildin er ungur sjóður sem fær inn ný iðgjöld og hefur vaxið frá 1998 upp í að vera með hreina eign upp á 23,5 milljarða króna. Það er ágæt staða á þessari deild. Niðurstaða Bjarna varðandi Aldursdeild var sú að ekki þyrfti að færa réttindi niður skv. lögum.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt. Enginn óskaði máls.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Friðbert Traustason, formaður, og gerði hann grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Friðbert fór yfir skiptingu fjárfestinga eftir tegundarflokkum þar sem farið var yfir stöðu fjárfestinga hvorrar deildar sjóðsins m.v. desember 2013.

Í máli Friðberts kom fram að fjárfestingarstefnur sjóðsins breyttust ekki mikið milli ára. Friðbert fór yfir markmið um eignasamsetningu og vökmörk fjárfestingarstefna hvorrar deildar fyrir sig. En báðar deildirnar fjárfesta að mestu leyti í innlánnum og ríkisskuldabréfum eins og aðstæður eru.

Orðið var þessu næst gefið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins og nokkrar umræður sköpuðust.

Geir Oddur Ólafsson kvað sér máls og spurði hvort fjárfestingarstefna Aldursdeildar væri ekki full íhaldssöm gagnvart hlutabréfum þar sem Aldursdeildin virðist þola sveiflur á markaði. Friðbert svaraði og nefndi að ekki væri lokað fyrir að hafa fjárfestingarstefnuna opnari gagnvart hlutabréfum en staðreyndin væri sú að markaðurinn væri afar þröngur um þessar mundir.

Önnur spurning úr sal. Spyrrandi kynnti sig ekki. Spyrrandi óskaði skýringa á 120 milljóna króna eign Hlutfallsdeildar í Skipti hf. og hvernig hún væri tilkomin. Friðbert svaraði því til að um hafi verið að ræða skuldabréf sem breytt hafi verið í hlutabréf við fjárhagslega endurskipulagningu Skipta hf.

Önnur spurning úr sal. Spyrrandi kynnti sig ekki. Spyrrandi spurði hvort Hlutfallsdeild ætti eignarhlut í Framtakssjóði Íslands. Friðbert svaraði og sagði svo ekki vera, Aldursdeild ætti hinsvegar eignarhlut í Framtakssjóði Íslands.

Ekki tóku fleiri til máls um fjárfestingarstefnur og árangur fjárvörsluaðila.

5) Tillögur um breytingar á samþykktum

Ólafur Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra breytinga á samþykktum sjóðsins.

Í máli Ólafs kom fram að fyrirhuguðum breytingum væri fyrst og fremst ætlað að leiðrétta tryggingafræðilega stöðu Hlutfallsdeildar, en þegar tillögurnar voru settar fram lá tryggingafræðileg staða í árslok 2013 ekki fyrir. Því kannaði stjórnin tvær mögulegar nálganir við réttindaleiðréttingu, styttra skref og svo skref sem myndi ganga alla leið til jöfnunar stöðu strax. Sú leið sem gekk skemur var lögð til grundvallar við breytingartillögur stjórnar á samþykktum svo unnt yrði að aðlagja þær síðar þegar niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar lægi fyrir, en fyrirhugað var að tryggingafræðileg úttekt myndi liggja fyrir eigi síðar en á aðalfundinum sjálfum. Tryggingafræðileg staða liggur nú fyrir og eins og áður hefur komið fram var mismunur eigna og skuldbindinga deildarinnar neikvæður um -9,72% m.v. árslok 2013 samanborið við -7,94% við árslok 2012.

PR
HG

Fyrirsjáanlegt væri að þessi staða myndi versna ef ekki yrði leiðrétt að fullu. Þegar horft væri fram á haustið 2014 mætti búast við að tryggingafræðileg staða veiktist um allt að 0,3% vegna núverandi halla. Aukin nýting 95 ára reglu á næstu árum umfram forsendur kynni að veikja stöðuna enn frekar. Í máli Ólafs kom fram að skerðing á réttindum væri erfið ákvörðun en nauðsynleg. Hægt væri að taka skerðingu í nokkrum skrefum en það kynni að vera óhagstæðara þeim sem enn greiddu til sjóðsins og ekki samkvæmt jafnræðisreglu. Þá kom fram í máli Ólafs að full leiðrétting nú styrkti stöðu Hlutfallsdeildar til framtíðar.

Þá benti Ólafur á að árleg réttindaávinnsla væri nú 2,125% eða 85% af launum eftir 40 ár. Lækkun árlegs stuðuls í 1,92% væri -9,72% lækkun frá 2,215% en það væri næg leiðrétting til að stuðla að jafnvægi m.v. árslok 2013.

Ólafur birti á skjánum yfirlitsmynd um áhrif breytinganna á ólíkar ráðstöfunartekjur og fór nánar yfir samspil þar um. Í máli sínu benti Ólafur á mikilvægi þess að sjóðfélagar gættu hagsmuna sinna m.a. gagnvart Tryggingastofnun ríkisins vegna áhrifa fyrirhugaðra breytinga. Ólafur nefndi til dæmis að lífeyrisþegar gættu að því að uppfæra þá tekjuáætlun sem Tryggingastofnun ríkisins byggði framlög sín á. Sú áætlun sem Tryggingastofnun Ríkisins gerði fyrir tekjur ársins 2015 miðaði við skattaskýrslur fyrri ára og kynni að vera of há. Að þessu þyrfti að gæta og leiðrétta. Greiðslur frá Tryggingastofnun Ríkisins myndu þó leiðréttast síðar ef ekkert yrði aðhafst, en ekki fyrr en um mitt ár 2016. Ólafur benti sjóðfélögum á vefsíðu Tryggingastofnunar Ríkisins þar sem nálgast mætti reiknivél til að skoða áhrif breytinganna á veskið.

Að lokum nefndi Ólafur að stjórn sjóðsins þyrfti samkvæmt lögum að taka endanlega ákvörðun um það hvernig farið verði að því að skerða réttindi í Hlutfallsdeild. Hins vegar væri það vilji stjórnar að kosið yrði um þessar tillögur á þessum fundi þar sem gott og mikilvægt væri fyrir stjórn sjóðsins að fá sjónarmið sjóðfélaga til þeirra. Margt mælti hinsvegar með því að taka skrefið til fulls og leiðrétta alveg í einu skrefi. Þegar litið væri til þess hvenær breytingarnar kæmu til framkvæmda mætti áætla að nýjar samþykktir hlytu samþykki fjármálaráðuneytis í september 2014 og kæmu til framkvæmda frá og með október nk. Ólafur þakkaði fyrir sig og vísaði á Svein Sveinsson lögmann.

Sveinn Sveinsson lögmaður sjóðsins tók nú til máls. Sveinn nefndi fyrst að samkvæmt lögum og lögskýringargögnum væri ótvírætt að lagaskylda hvíldi á stjórn sjóðsins að gera breytingar á samþykktum er varða skerðingu réttinda.

Sveinn kynnti breytingartillögur stjórnarinnar. Tillögurnar skiptast í 5 liði. Tillögur 1-4 eru vegna Hlutfallsdeildar, en 5 vegna Aldursdeildar.

Eftirtalдар tillögur frá stjórn sjóðsins lágu fyrir fundinum, til kynningar:

Fyrsta tillaga.

Breyting á 9. gr. löggjöld til sjóðsins.

Breyting á 9.1

- 9.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **80%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Sveinn útskýrði í hverju breytingartillagan fólst. En um er að ræða lækkun á eftirlaunahlutfalli úr 85% í 80%.

Önnur tillaga

PR
stg

Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna.

Breyting á gr.11.2

- 11.2 Eftirlaunin skulu nema 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til 80% eftirlaunahlutfalli er náð.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. En um er að ræða lækun á eftirlaunahlutfalli úr 85% í 80%.

Þriðja tillaga

Breyting á 13.gr. Makalífeyrir.

Breyting á gr. 13.2

- 13.2 Fjárhæð lífeyris til makans fer eftir starfstíma hins látna og nemur 10/17 af áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Lífeyririnn miðast við laun þau er hinn látni hafði með sama hætti og lýst er í 1. mgr. 11. gr. og tekur breytingum í samræmi við breytingu á visitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Sveinn útskýrði í hverju breytingartillagan fólst. En um er að ræða hlutfallslega lækun í samræmi við réttindabreytinguna.

Fjórða tillaga

Breyting á 12. gr. Örkulífeyrir.

Ný grein 12.10 verður

- 12.10 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Tímabærar breytingar sjóðfélögum til góðs, sambærilega fimmtu tillögu.

Fimmta tillaga

Breyting á 21. gr. Örkulífeyrir.

Ný grein 21.16 verður

- 21.16 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Tímabærar breytingar sjóðfélögum til góðs, sambærileg breyting og er í fjórðu tillögu.

Orðið var gefið laust og sköpuðust nokkrar umræður.

Július Óskarsson kvað sér fyrstur máls og spurði fyrst hvort það væri ekki rétt hjá sér að Tryggingastofnun tæki m.a. mið af eignum og að það þýddi í raun að þeir sem hefðu lagt til hliðar ættu lítið að leita um aðstoð þar. Ólafur Kr. Valdimarsson svaraði og sagði að það kynni að vera rétt að í þeim tilvikum sem sjóðfélagi hefði tekjur frá öðrum en Lífeyrissjóði bankamanna kynni

PR
JLG

það að hafa áhrif á þá mynd sem Ólafur hafði dregið upp af áhrifum breytinganna á ráðstöfunartekjur en þó myndi tekjuskattur a.m.k. lækka á móti. Ólafur benti fólki á að kanna stöðu sína á heimasíðu Tryggingastofnunar.

Næstur tók til máls Sveinbjörn Hafliðason og benti á skjal með breytingartillögum hafi borist frá sjóðnum of seint, stuttu fyrir fund, og að það hafi skort á upplýsingar um áhrif breytinganna fyrir sjóðfélaga að kynna sér fyrir fundinn. Þá spurði Sveinbjörn sérstaklega út í hlutfallið 10/17 og velti fyrir sér þýðingu þess. Þá spurði Sveinbjörn hvers vegna ekki væri hægt að leita til aðildarfyrirtækjanna um að þau legðu sjóðnum lið við þessar aðstæður í stað þess að skerða réttindi sjóðfélaga. Friðbert Traustason svaraði og upplýsti um að breytingartillögurnar voru birtar á heimasíðu sjóðsins 4 vikum fyrir aðalfund auk þess sem fram kom á launaseðli þeirra sem eru á eftirlaunum, sem aðgengilegur er í netbanka, tilkynning um aðalfundinn og texti um að á vef sjóðsins mætti finna breytingartillögurnar. Þá vék Friðbert að því hvort hægt yrði að sækja fé til aðildarfyrirtækjanna. Friðbert nefndi að hlutfallsdeild hafi orðið sjálfstæð árið 1997 og þar með hafi bakabyrgðin verið felld niður. Reynt hafi á þetta fyrir dómstólum en niðurstaðan sé sú að um löglega aðgerð var að ræða sem sjóðfélagar sjálfir samþykktu. Í því ljósi sé eina mögulega úrræðið að skerða réttindi sjóðfélaga. Ólafur tók svo til máls og svaraði því til varðandi 10/17 hlutfallið að um væri að ræða tryggingafræðilegt hlutfall sem tryggði alltaf sama hlutfall á milli réttinda lífeyrisþega og maka.

Næstur tók til máls Hilmar F. Thorarensen. Hilmar spurði salinn, svona í ljósi þess að málaferli gegn Seðlabankanum greiddust úr sjóðum Seðlabankans, hvort ekki væri ástæða til að sækja fé þangað til að leiðrétta stöðuna. Hilmar óskaði stjórn lífeyrissjóðsins farsældar í starfi.

Ingvar Sigfússon tók til máls og spurði hvort það myndi skipta nokkru máli hvað fundurinn kysí um. Væri það ekki stjórnin sem réði þessu. Hinrik Greipsson svaraði þessu og sagði að það yrði kosið en það væri rétt að það myndi ekki skipta máli í raun og veru þar sem lagaskylda væri á stjórn sjóðsins að taka þessa ákvörðun á endanum.

Guðrún Þórðardóttir tók til máls og spurði hvort breytingarnar hefðu áhrif á alla jafnt, þ.e. þá sem eru komnir á lífeyri og þá sem eiga eftir að fara á lífeyri. Ólafur Kr. Valdimarsson svaraði og sagði að áhrifin væru eins á alla sjóðfélaga og kæmi deildinni í jafnvægi. Guðrún tók þá til máls og sagði að gott hefði verið ef það hefði verið kynnt betur hvenær breytingarnar kæmu til framkvæmda og að kosning á aðalfundi væri aðeins ráðgefandi. Ólafur svaraði og sagði að breytingarnar kæmu líklega til framkvæmda í haust en fá þyrfti samþykki Fjármálaráðuneytisins. Friðbert Traustason tók til máls og benti á að eins og fram hafi komið í máli hans fyrr þá væri þetta í fyrsta sinn sem Lífeyrissjóður bankamanna þyrfti að skerða réttindi þrátt fyrir erfiða tíma eftir hrun. Friðbert nefndi m.a. að eftir hrun hafi aðrir sjóðir verið að skerða um 10-15%, sumir meira og sumir minna. Lífeyrissjóður bankamanna þyrfti nú einfaldlega að bregðast við þeirri stöðu sem væri komin upp í samræmi við það sem lög kveða á um, um það væri ekkert val.

Hér myndaðist nokkur umræða um breytingartillögurnar og menn gripu orðið á lofti án þess að kynna sig.

Kjartan Sigurgeirsson tók til máls. Kjartan spurði hvers vegna forsendur árið 1997 hafi miðað við fjórðungs nýtingu á 95 ára reglu og einnig árið 2006. Friðbert svaraði og benti á að í bæði skiptin þegar þetta kom til skoðunar hafi söguleg gögn verið skoðuð allt að 30 ár til baka en nýtingarhlutfall á 95 ára reglu hafi verið í kringum 15%. Þess vegna töldu menn óhætt að miða við 25% hlutfall. Í dag virðist bera meira á því að fólk velji þessa leið.

Anna Kjartansdóttir tók til máls og benti á hvað varðar nýtingu á 95 ára reglu að hún teldi að hrunið gæti hugsanlega verið ein af orsökum þess að fólk kjósi 95 ára regluna fyrr en ella.

PR
Hlg

Ingvar Sigfússon tók svo til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi æskilegt að á fundinum yrði kosið um tillögurnar svo breyttar að staða Hlutfallsdeildar yrði leiðrétt að fullu í einu skrefi, þ.e. að árlegt réttindahlutfall yrði 1,92% og eftirlaunahlutfall 76,8%, þar sem við ætti.

Skapaðist nokkur umræða og féllst stjórn á að kjósa um tillögurnar þannig að miðað yrði við að staða Hlutfallsdeildar yrði leiðrétt að fullu í einu skrefi. Sveinn Sveinsson lögmaður tók til máls og lýsti því hvaða áhrif þetta hefði á fram komnar breytingartillögur.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um eftirfarandi breytingartillögur.

Atkvæði voru fyrst greidd um eftirfarandi nýja breytingartillögu á gr. 9.1.:

Ný fyrsta tillaga

Breyting á 9. gr. lögjöld til sjóðsins.

Breyting á 9.1.

9.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár eða þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Einungis félagar í Hlutfallsdeild höfðu atkvæðisrétt.
Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða.

Næst var óskað eftir atkvæðum fundar fyrir eftirgreindri nýrri breytingartillögu á gr. 11. 2.:

Ný önnur tillaga

Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna.

Breyting á 11.2

11.2 Eftirlaunin skulu nema **1.92%** fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár í fullu starfi, en hlutfallslega lægri fyrir lægra starfshlutfall, þar til **76,8%** eftirlaunahlutfalli er náð.

Einungis félagar í Hlutfallsdeild höfðu atkvæðisrétt.
Samþykkir breytingunni voru 34. Á móti voru 15.

Næst voru greidd atkvæði um óbreytta ofangreinda þriðju tillögu en einungis félagar í Hlutfallsdeild höfðu atkvæðisrétt. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Næst voru atkvæði greidd um óbreytta ofangreinda fjórðu tillögu en einungis félagar í Hlutfallsdeild höfðu atkvæðisrétt. Samþykkir voru meirihluti atkvæða.

Næst voru atkvæði greidd um óbreytta ofangreinda fimmtu tillögu en einungis félagar í Aldursdeild höfðu atkvæðisrétt. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Jón Ívarsson yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

PR
JG

7) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.

Næst fór fram kosning stjórnarmanna. Fyrir fundinum lá tillaga um að Friðbert Traustason, Sigurjón Gunnarsson og Þóra Valný Yngvadóttir yrðu kjörin stjórnarmenn en þessi þrjú höfðu skilað inn framboðum til stjórnar í samræmi við samþykktir. Þar sem ekki höfðu komið fram fleiri framboð voru þau sjálfkjörin. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

8) Kosning varamanna.

Næst fór fram kosning varamanna í stjórn. Í framboði voru 1. Varam. Helga Jónsdóttir 2. Varam. Andrés Erlingsson og 3. Varam. Dagmar Björnsdóttir og voru þau sjálfkjörin.

9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 70.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarmanns. Laun varamanna kr. 35.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 70.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt með lófaklappi.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 35.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt með lófaklappi.

10) Önnur mál.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum.

Ingvar Sigfússon kom í pontu og tók til máls. Ingvar þakkaði Sigtryggi Jónssyni sérstaklega fyrir frábær störf. Sjóðfélagar tóku undir með góðu lófataki.

Sigtryggur Jónsson kvað sér máls og kom í pontu. Sigtryggur ávarpaði fundinn og þakkaði fyrir hlýjar óskir. Þá þakkaði Sigtryggur stjórnarmönnum og starfsmönnum sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf og Friðberti Traustasyni sérstaklega fyrir mjög gott samstarf.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins. Því næst var fundi slitið um kl. 19:30. Fundarmenn voru um það bil 99 talsins.

Reykjavík, 1. apríl 2014.

Fundarstjóri:


Hinrik Greipsson

Fundarritari:


Pálmi Rögnvaldsson